

Fundargerð - 7. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint

Málsnúmer: FOR09030068
Skráð: 06.05.2009
Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson/FOR/NotesSTJR

Viðstaddir:

Indriði H. Þorláksson (formaður), Björn Rúnar Guðmundsson, Þórhallur Arason, Helga Valfells, og Jónína Lárusdóttir af hálfu ríkisstjórnarinnar. Charles Williams, Andrew Lynn, Andrew Spears, Rubert Pepper og Christian Kent frá Hawkpoint.

Aðgerðaáætlun:

Hawkpoint skal skila minnisblaði um vinnu sína til samræmingarnefndarinnar á þriðjudag í næstu viku. Næsti fundur fyrirhugaður fimmtudaginn 07.05 kl. 12.30

AS undirstrikaði FX ójafnvægið sem megin atriðið í vegi fyrir tímaáætluninni. HP hefur hitt alla þrjá bankana með tilliti til ójafnvægisins ásamt fulltrúum Seðlabankans.

AL sagði að Íslandsbanki og Kaupþing hefðu samþykkt aðferðina um enduruppfærslu (redomination) þó væri framgangur hjá Kaupþingi minna þróaður. Íslandsbanki vill fá að semja við viðskiptavinum sína á viðskiptalegum forsendum. Bankarnir eru að meta hvaða (they value) aðferðir skuli viðhafa við úrlausn vandamálsins. Báðir bankarnir munu skila skýrslum um málið í næstu viku. Landsbanki er annarar skoðunar um enduruppfærslu þ.e. hvort hún skuli fara fram. Þeir eru áhugasamari um aðrar leiðir. HP bað Landsbankann um greinargerð til útskýringar á viðhorfum bankans. Jafnframt var óskað eftir hugmyndum um enduruppfærslu aðferðir.

HP hefur rætt við SB um innlánsvaxtakjör, það virðist sýna nokkura möguleika í vaxtamun. Það er hinsvegar ekki ljóst hver ákveður þann vaxtamun eftir breytingarnar á uppbyggingu Seðlabankans. Sú ákvörðun mun engu að síður teljast sem meiriháttar pólitísk ákvörðun. Þessi tillaga var lögð fyrir nýju bankana. Þeir bentu á að þetta kynni að valda vandamálum hjá minni bönkunum. Þau vandamál yrðu samt sem áður mun minni en FX ójafnvægið.

AS vakti athygli á þremur meginatriðum vegna ójafnvægisins:

1. Nauðsyn þess að enduruppfæra.
2. Fjármagnsgjöldin vegna neikvæða munarins (carry)
3. Staða lántakendanna. Hvaða ávinning gætu bankarnir haft af enduruppfærslu lánanna.

AS sagði að HP hefði lagt til endurkipulagningar ráðgjafa fyrir bankana. Bankarnir vikurkenni vandann en vilji ráða sína eigin ráðunauta. Þeirra tillögur eru enn ókomnar. Jafnvel þótt það muni leiða til einhverra tafa þurfa bankarnir að átta sig á að þeir eru hluti af ferlinu.

AS sagði að athygli lánardrottnanna myndi nú beinast að Deloitte verðmatinu. Bankarnir væru samt sem áður ekki í stöðu til að gefa út skuldabréf að sinni.

Skilaneftunum og þeirra ráðgjöfum hafa verið gefnar upplýsingar um FX ójafnvægið. Þeim væri gefið til kynna að vandamálið væri stórt og að verðmötin / áætlanir Deloitte gerðu ekki ráð fyrir úrlausn FX fjármögnunar. Meiriháttar viðræður um virðingu eru innann 1-2 vikna.

Nýju bankarnir hafa mótað skoðanir sínar um úrvinnslu á Deloitte málinu. Það er þýðingarmikið fyrir frekari umræður. Oliver Wyman skýrslan dregur skýrt viss vandamál.

AL sagði að það væri ólíklegt að enduruppfærslu á FX lánum yrði lokið áður en endurfjármögnunin færi fram vegna tímapressu. Það þarf að hafa skýra stefnu sem verði viðurkennd. HP þarf að setja sig inn í peningastefnumhverfið á Íslandi og eiga viðræður um vaxtaumhverfið. Sögulega hafa bankar í UK verið reknir með 2 - 2.5 % vaxtamun á meðan Landsbanki segði að þörfin væri 4 %. Bankarnir segja að þeir þurfi innlánsvexti sem nemi 7 - 8 % og útlánvexti 10 %. Landsbanki vildi hinsvegar 4 % grunnvexti.

AL sagði að enduruppfærsla væri undir verulegum áhrifum af gengisvæntingum.

AS vakti athygli á því að það væri mjög erfitt að stýra verðlækkun gjaldmiðils. Væntingar um gengisþróun eru mjög þýðingarmiklar. Það gæti verið þýðingarmikið fyrir ríkisstjórnina að láta sem hún væri ánægð með núverandi gengi.

HV sagði að huga þyrfti að mismunandi viðhorfi fyrirtækja og heimila.

AS benti á þrjá þýðingarmikla þætti. 1. gengisþróun, 2. vaxtabreytingar, 3. að hvaða marki viðskiptavinirnir myndu horfa til þess að bankarnir kæmu þannig fram að þeir væru ekki að taka tillit til hagsmuna viðskiptavinanna. Vegna síðasta þáttarins kynni að vera þýðingarmikið fyrir ríkisstjórnina að huga að heiðarlegum bankaháttum. FME gæti gripið til aðgerða vegna FX lána til þeirra sem ekki hefðu tekjur í erlendum gjaldeyri. Áhersla á heiðarlega bankahætti gæti skapað vissa viðhorfsbreytingu. Þessa þrjá þætti þarf að leysa til að ljúka enduruppfærsluvinnunni.

IP spurði hvort einhverskonar afsláttur til lántakendanna væri eina leiðin eins og fram kæmi hjá Íslandsbanka og Kaupþingi.

AL sagði að bankarnir þyrftu að miðla einhverju af afslættinum til viðskiptavinanna. Í vissum tilvikum væri hægt að gera það í samkynja lánasöfnum á meðan að stærri lán þyrfti lán fyrir lán. Bankarnir hafa verið beðnir um að leggja mat á þetta.

HV sagði að fyrirtækin væru ef til vill ekki að greiða þar sem þau vænta afskrifta.

AL lagði til að opnaður yrði gluggi og boðinn til enduruppfærslu. Eftir það myndi greiðslufrýsting enda.

HV sagði að það þyrfti að skoða hvort þetta ætti að framkvæmast af FME og SFF í stað ríkisstjórnarinnar. Aðilar yrðu að átta sig á því að þetta kynni að vekja upp spurningar um árekstra við stjórnarskrá. Það yrði jafnframt vandamál við að mismunandi bankar hefðu sitthvort tímarúmið í þessum efnunum.

BRG spurði hvort FME myndi "útskrifa" bankana með gjaldmiðlaójöfnuðinn?

AS sagði að viðskiptaáætlanirnar yrðu að leysa úr þessum vandamálum og vinna enduruppfærslu samhliða.

BRG sagði að ekki væri hægt að endurfjármagna óviðurkenndan banka. Hin frjálsa (voluntary) nálgun gæti tafið ferlið. Það þarf jafnframt að hafa í huga að heimilin eru lágt hlutfall af heildinni í enduruppfærslunni.

AS benti á að nálgunin um retail lán myndi hjálpa fyrirtækjunum. Sú leið gæti gagnast heimilunum sömuleiðis.

JL spurði hvort nauðsynlegt væri að enduruppfæra lánabókina (retail book).

BRG benti á að Seðlabankinn muni senn ljúka mati sínu á eigna og skuldastöðu heimilanna. Þetta gæti orðið þýðingarmikill þáttur fyrir lánabækurnar. FX skýrsla yrði síðan birt á mánudag.

Fulltrúar frá Lovells eiga að mæta á fund í næstu viku. Spurningar um hagsmunaárekstur hafa verið ræddar við þá og þeir staðhæfa að ekki sé um neinn að ræða. Frumviðskiptaáætlanir munu jafnframt verða ræddar.

Hawkpoint gert að skila inn sinni skýrslu um vinnuna sína til samræmingar nefndarinnar á þriðjudag í næstu viku.